

5. gr.

Á uppdrætti skal sýna legu aðalumferðarbrauta og legu annarra gatna (vega), sem áhrif hafa á skipulag utan þess sveitarfélags, þar sem gatan (vegurinn) er, skiptingu fyrirhugaðrar byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, hafnarhverfi, opin svæði o. s. frv.

Sýna skal á uppdrætti staðsetningu vatnsæða og vatnsbóla, holræsa, rafmagnslína, jarðhitasvæða, svo og mannvirkja, sem sérstakt menningar- eða sögugildi hafa, og náttúrumyndanir, sem ætlazt er til að óskertar verði.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins eða um þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag, sem aðild á að nefndinni, greiðir í upphafi kr. 5000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1968. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um löggildingu danska lyfseðlasafnsins 1963 á Íslandi.

Frá og með 1. apríl 1966 skal danska lyfseðlasafnið frá 1963, Dispensatorium Danicum 1963, vera gilt lyfseðlasafn á Íslandi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. ágúst 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.